

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 27. maí 2010
Tilvísun: UST20100500039/bs

Endurvinnsla álgjalls á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Umsögn um tilkynningaskylda framkvæmd.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. maí s.l. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin felst í því að byggð verði verksmiðja sem mun nota tromluofn, keyrðan með olíu eða gasi, til að endurvinna ál. Hráefni í verksmiðjuna verður fengið úr álverum og þar er um að ræða álgjall sem alltaf fellur til í einhverjum mæli við framleiðslu á áli. Í verksmiðjunni verður hægt að ná allt að 95% af því áli sem í álgjallinu er, en eftir mun standa blanda af salti, súráli og álmálmi ásamt óhreinindum sem hreinsast úr álinu við rafgreininguna. Þessar eftirstöðvar eru kallaðar „gjallsandur” í fyrirspurn framkvæmdaaðila um matsskyldu.

Auk álgjallsins mun framkvæmdaaðili mögulega bæta almennu brotaáli við framleiðsluferlið, sem fengið verður staðar frá. Með þessum hætti telur framkvæmdaaðili að jafnari og betri rekstur geti fengist á ofninum. Ef notað verður húðað brotaál mun framkvæmdaaðili nota sérstakan hreinsibúnað til að fjarlægja lífrænar gufur sem myndast geta við niðurbrot húðunarefna.

Framkvæmdaaðili upplýsir að samningar liggi þegar fyrir við erlenda endurvinnsluaðila um móttöku á gjallsandi og því mun vinnsla hans ekki að neinu leyti falla undir hina tilkynntu framkvæmd. Umhverfisstofnun bendir á að hnökralaus framkvæmd verði að vera á því að þessi forsenda standist enda er meðhöndlun gjallsands flókið úrlausnarefni sem myndi gerbreyta forsendum

framkvæmdarinnar. Því bendir stofnunin á að væntanlegt starfsleyfi fyrir starfsemina þurfi nauðsynlega að innihalda takmarkanir á magni gjallsands sem safnast megi upp á svæðinu og skilyrði um hvernig með hann eigi að fara, t.d. til að tryggja að ekki komist í hann vatn.

Stofnunin telur einnig æskilegt að áður en málið verði endanlega afgreitt af hálfu


Skipulagsstofnunar liggi fyrir viljayfirlýsing frá öðrum rekstraraðilum á Grundartanga um að eiga samstarf við framkvæmdaaðila um umhverfisvöktun á Grundartangasvæðisins eins og


stefnt er að samkvæmt fyrirspurn um matsskyldu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að framkvæmdaaðili þarf að afla sér heimilda til útflutnings gjallsands samkvæmt Baselsamningnum um flutning og förgun spilliefna og að sú leyfisveiting er með öllu óháð veitingu starfsleyfis.

Umhverfisstofnun getur fallist á sjónarmið framkvæmdaaðila um að staðsetning verksmiðjunnar er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og að losun mengunarefna er fremur lítil í samanburði við aðra losum sambærilegra mengunarefna á svæðinu. Stofnunin bendir þó á að gæta verði vel að hættu á mengunaróhöppum.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða telur Umhverfisstofnun ekki sennilegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson


Gunnlaug H Einarsdóttir